

Matvæli-dýrahald - 2021040047

Málsnúmer: 2021040047

Búið til: 04/07/2021

Eigandi skjals: Anna Jóhannesdóttir

Almennt

Almennt

Dagsetning kvörtunar:	03/23/2021	Tími kvörtunar:	
Kvörtunarflokkur:	Matvæli-dýrahald	Kvörtunarnúmer:	2021040047
Skrásetjari kvörtunar:	Anna Jóhannesdóttir/BV/RVK/IS	Afgreitt til:	
Nafn kvartara:		Heimili kvartara:	
Sími kvartara:			
Er kvörtun afgreidd?:	<input checked="" type="radio"/> Já <input type="radio"/> Nei		

Leyfi

Upplýsingar um leyfi

Númer leyfis:		Kennitala leyfishafa:	440919-0570
Heiti leyfishafa:	H12 Bar	Staður leyfishafa:	Hverfisgötu 12
Hvar er það sem kvartað er yfir?:			

Athugasemdir :

Komið á Röntgen bar (skráð kennitala á H12) vegna hundbits er varð á staðnum 19.03.2021 og birtust fréttir af málinu í fjölmiðlum helgina 20.-21. mars. Rætt var við forsvarsmenn staðarins Ásgeir og Steinþór.

Samkvæmt reglugerð nr. 905/2017, er heimilt að hleypa hundum og köttum inn á veitingastaði, svo sem veitingahús og kaffihús, að gefnum ákveðnum skilyrðum. Rekstraðilar veitingastaða í Reykjavík, sem nýta sér þessa heimild, skulu tilkynna það til heilbrigðisnefndar Reykjavíkur .

Röntgen hefur ekki tilkynnt Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um að staðurinn ætli að nýta sér þessa heimild. Því er staðnum ekki heimilt að hleypa hundum og/eða köttum inn á staðinn. Engar merkingar eru við inngang staðarins um að hundar og kettir séu velkomnir inn á staðinn.

Farið var yfir atburðarásina með forsvarsmönnum en samkvæmt þeim hefur eigandi hundsins margoft komið á staðinn með hundinn og dvalið þar lengi og aldrei verið neitt vandamál. Þetta kvöld töldu þeir að eigandinn hefði mætt með hundinn um kl. 19 og var enn þegar hundurinn beit annan gest upp úr 22:30. Þeir sögðu einnig að þar sem staðir loki nú kl. 23 þá hafi ölvun verið orðin töluverð hjá gestum. Eigandi hafi verið með hundinn hjá sér en þó skilið hann eftir við borð þegar hann skrapp frá. Rýmið sem hundurinn var í er með 3-4 borðum og þröngt er milli borða. Forsvarsmenn staðarins telja að hundurinn inni á staðnum væri alfarið á ábyrgð eigandans.

Ljóst er að Röntgen hefur ekki uppfyllt þau skilyrði sem sett eru í reglugerð 905/2017 né farið eftir

þeim leiðbeiningum sem Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur gefið út varðandi áðurnefnda reglugerð .
Að auki skal ítrekað að aðstaða og framkoma við dýr skuli ætíð vera þannig að velferð þeirra sé tryggð. Að rekstaraðilar heimili að vera með hund í lengri tíma inni á stað , innan um ölvæða einstaklinga uppfyllir ekki ákvæði áðurnefndrar reglugerðar .

Eigendur staðarins segjast nú hafa tekið fyrir að vera með dýr inni á staðnum og ætla að skoða leiðbeiningar og reglur betur og munu tilkynna til heilbrigðiseftirlits , verði það niðurstaðan að heimila dýr inni á staðnum.